

Saga sigurvegaranna. Kommúnistahreyfingin á Íslandi og söguskoðun kalda stríðsins Skafti Ingimarsson

Saga kommúnistahreyfingarinnar á Íslandi á 20. öld er eitt umdeildasta viðfangsefni íslenskrar samtímasögu. Varla líður það ár að ekki kemur út fræðigreinin sem tengist sögu hreyfingarinnar, eða bók þar sem saga hennar er jafnvel öll til umfjöllunar. Þessi mikli áhugi fræðimanna á sögu íslenskrar vinstrihreyfingar á sér eðlilegar skýringar. Í fyrsta lagi snertir saga hreyfingarinnar bæði mismunandi lífsviðhorf manna og stjórnmalaskoðanir og í öðru lagi er það söguleg staðreynd að á Íslandi starfaði öflug kommúnista- og sósíalistahreyfing sem var ein hin stærsta sinnar tegundar í Vestur-Evrópu á tímum kalda stríðsins.¹

Þegar sagnaritun íslenskrar kommúnista- og sósíalistahreyfingar er skoðuð sést að hún hefur allt frá upphafi verið nátengd eða jafnvel mótuð af viðhorfum manna til stjórnmaláátaka kalda stríðsins. Á þetta jafnt við um rit þeirra fræðimanna sem látið hafa sig málið varða og endurminningabækur stjórnmalamanna er tóku virkan þátt í starfi hreyfingarinnar.² Hér verður fjallað um það hvernig þessi „kaldastríðssaga“, ef svo má að orði komast, birtist í þremur nýlegum fræðibókum sem allar fjalla um sögu kommúnista- og sósíalistahreyfingar á Íslandi. Bækurnar sem hér um ræðir eru *Sovét-Ísland, óskalandið* eftir Þór Whitehead prófessor, *Íslenskir kommúnistar* eftir Hannes Hólmstein Gissurarson prófessor og *Röðinn í austri* eftir Snorra G. Bergsson sagnfræðing. Þessu til viðbótar verða lagðir til grundvallar fjórir ritdómar um áðurnefndar bækur sem allir eru eftir Styrmi Gunnarsson, fyrrverandi ritstjóra *Morgunblaðsins*.³ Fyrst verður gerð grein fyrir því pólitíska sjónarhorni sem einkennir bæði bækurnar og ritdómanna. Þá verður fjallað um alræðishyggju í alþjóðlegu samhengi, hvar hugtakið varð til, hvað í því felst og hvernig því var beitt bæði í fræðilegum og pólitískum tilgangi á öldinni sem leið og hvers vegna fræðimenn hafa í vaxandi mæli horfið frá því að beita því við greiningu fræðilegra

¹ Neal R. Tannahill, *The Communist Parties of Western Europe. A Comparative Study* (London: Greenwood Press 1978), bls. 249-264.

² Þór Whitehead, *Kommúnistahreyfingin á Íslandi 1921-1934* (Reykjavík: Bókauktgáfa Menningarsjóðs 1979); Einar Olgeirsson, *Ísland í skugga heimsvaldastefnunnar*. Jón Guðnason skráði (Reykjavík: Mál og menning 1980); Einar Olgeirsson, *Kraftaverk einnar kynslóðar*. Jón Guðnason skráði (Reykjavík: Mál og menning 1983); *Brynjólfrur Bjarnason. Pólitísk aphisaga*. Viðtöl Einars Ólafssonar ásamt inngangi (Reykjavík: Mál og menning 1989).

³ Þór Whitehead, *Sovét-Ísland – óskalandið. Aðdragandi hyltingar sem aldrei varð 1921-1946* (Reykjavík: Bókafélagið Uglá 2010); Styrmir Gunnarsson, „Grundvallarrit Þórs Whitehead“, *Lesbók Morgunblaðsins*, 9. janúar 2011, bls. 30; Styrmir Gunnarsson, „Verk sem markar þáttaskil“, *Djódmal*, VII:1 (2011), bls. 83-86; Hannes Hólmsteinn Gissurarson, *Íslenskir kommúnistar 1918-1998* (Reykjavík: Almenna bókafélagið 2011); Styrmir Gunnarsson, „Þeir voru erindrekar erlends valds“, *Lesbók Morgunblaðsins*, 13. nóvember 2011, bls. 34-35; Snorri G. Bergsson, *Röðinn í austri. Alþjóðflokkurinn, Komintern og kommúnistahreyfingin á Íslandi 1919-1924* (Reykjavík: Bókafélagið Uglá 2011); Styrmir Gunnarsson, „Þeir hafa verið afhjúpaðir“, *Lesbók Morgunblaðsins*, 18. desember 2011, bls. 35.

viðfangsefna. Þessu næst verður þeirri spurningu velt upp hvaða notagildi slík nálgun hefur þegar fjallað er um kommúnista- og sósíalístahreyfinguna á Íslandi og því haldið fram að pólitísk sagnaritun af þessu tagi hafi takmarkað skýringargildi fyrir sögu íslenskrar vinstrihreyfingar. Að lokum verður bent á aðrar rannsóknaraðferðir sem höfundur telur vænlegri til árangurs.

Söguskoðun kalda stríðsins

Bækurnar þrjár sem áður voru nefndar fjalla allar um mislöng tímabil í sögu kommúnista- og sósíalístahreyfingar á Íslandi. Bók Snorra fjallar um upphafsár kommúnismans hér á landi og lýkur þegar kommúnistar eru byrjaðir að láta að sér kveða sem sérstakur armur innan Alþýðuflokksins árið 1924. Bók Þórs spannar hins vegar tímabilið frá hvíta stríðinu svokallaða árið 1921 allt til loka síðari heimsstyrjaldar og lýkur þegar stjórn málaátök kalda stríðsins eru að hefjast fyrir alvöru árið 1946. Bók Hannesar hefst aftur á móti við lok fyrri heimsstyrjaldar árið 1918 og lýkur árið 1998, eða 7 árum eftir hrun Sovétríkjanna og lok kalda stríðsins sem er út af fyrir sig áhugavert.

Allar bækurnar eiga það hins vegar sameiginlegt að þær nálgast viðfangsefnið alfarið á þeirri pólitísku forsendu að íslenskir kommúnistar hafi frá upphafi verið hluti alþjóðlegrar byltingarhreyfingar sem „laut ströngum reglum og járnaga undir einræðisstjórn í Moskvu“, eins og Þór orðar það.⁴ Lögð er höfuðáhersla á að Kommúnistaflokkur Íslands hafi verið deild í Alþjóðasambandi kommúnista, Komintern, sem hafði það yfirlýsta markmið að steypa ríkjandi þjóðskipulagi með ofbeldi og byltingu.⁵ Íslenskir kommúnistar hafi þegið stórfé úr hendi ráðamanna í Moskvu, neitað að beygja sig undir leikreglur lýðræðisins og stofnað vopnað bardagalið með það að markmiði að taka völdin í landinu í sínar hendur. Starf og stefna Kommúnistaflokksins og Sósíalístaflokksins hafi í raun öll beinst að þessu marki og þess sjáist jafnvel merki í starfi Alþýðubandalagsins sáluga að frumherjar kommúnismans á Íslandi hafi fyrst og síðast verið erindrekar erlends valds í íslensku samfélagi.⁶

Það er ekki ætlunin að fjalla hér um áður nefndar lýsingar á bæði stefnu og starfi íslenskra kommúnista og sósíalista á öldinni sem leið, enda hafa þær þegar verið gagnrýndar í íslenskum fræðitímaritum.⁷ Það sem vekur hins vegar athygli eru ritdómar sem Styrmir Gunnarsson,

⁴ Þór Whitehead, *Sovét-Ísland, óskalandið*, bls. 425.

⁵ Þór Whitehead, *Sovét-Ísland, óskalandið*, bls. 424-431; Hannes Hólmsteinn Gissurarson, *Íslenskir kommúnistar*, bls. 526-532; Snorri G. Bergsson, *Röðinn í austri*, bls. 73-79.

⁶ Hannes Hólmsteinn Gissurarson, *Íslenskir kommúnistar*, bls. 526; Sjá einnig Hannes Hólmsteinn Gissurarson, „Erindrekar erlends valds. Svar við athugasemdum Kjartans Ólafssonar“, *Lesbók Morgunblaðsins*, 18. desember 2011, bls. 34-35.

⁷ Um gagnrýni á bók Þórs, sjá Jón Ólafsson, „Landráðakenning Þórs Whitehead. Nokkrar athugasemdir við ritið Sovét-Ísland óskalandið“, *Tímarit um félagsvísindi* 5-6 (2011-2012), bls. 47-72; Skafti Ingimarsson, „Fimmta herdeildin. Hugleiðingar um Sovét-Ísland, óskalandið“, *Saga* XLIX:2 (2011), bls. 152-195; Kjartan Ólafsson, „Nokkrar athugasemdir við bók Þórs Whitehead *Sovét Ísland óskalandið*“, *Tímarit Máls og menningar* 72:1 (2011), bls. 82-98. Um

fyrirverandi ritstjóri *Morgunblaðsins*, hefur birt um áður nefndar bækur á síðum blaðsins en þar hefur hann fullyrt að þær marki þáttaskil í ritun stjórnmalasögu 20. aldar og krafist þess „að sú saga sem kennd er í grunnskólum, framhaldsskólum og háskólum verði endurskoðuð í ljósi nýrra upplýsinga“.⁸ Foringjar íslenskra kommúnista og sósíalista hafi loks verið endanlega afhjúpaðir, enda hafi bein samskipti þeirra við ráðamenn í Sovétríkjunum verið „miklu meiri en við höfum gert okkur grein fyrir og afskipti Moskvu af íslenskum stjórnmalum miklu meiri en fram hefur komið“.⁹ Eða eins og segir í ritdómi Styrmis um bók Hannesar:

Þegar hin nýja bók Hannesar Hólmsteins er lesin ásamt með Sovét-Íslandi, óskalandinu, eftir Þór Whitehead prófessor, fer ekki á milli mála, að þeir tveir hafa með ritverkum sínum dregið saman svo mikið safn upplýsinga um þennan þátt stjórnmalasögunnar, að fram hjá þeim verður ekki gengið. Um stjórnmalasögu 20. aldarinnar verður ekki fjallað þannig að mark sé á takandi nema með hliðsjón af þeim upplýsingum, sem fram koma í þessum tveimur bókum.¹⁰

Styrmir heldur því líka fram á grundvelli þeirra lýsinga sem fram koma í bókum Hannesar og Þórs að ekki verði lengur um það deilt að íslenskir kommúnistar og sósíalistar hafi um áratuga skeið staðið fyrir skipulegum undirbúningi ofbeldisaðgerða og safnað vopnum í því skyni að taka völdin í landinu í sínar hendur, enda fari ekki milli mála að vopnum var safnað þótt þeim væri aldrei beitt. Stjórnmalaastandið í landinu hafi því verið mun viðkvæmara en áður var talið.¹¹ Íslendingar hafi hins vegar ekki skynjað hættuna, enda trúu menn því almennt ekki í fámenninu hér heima „að vinur okkar, frændi eða nágrenni ætli að efna til byltingar, sem gæti orðið blóðug“, eins og það er orðað.¹² Frásagnir Þórs af bæði vopnasöfnun og æfingum með vopn „skýra ýmislegt í æskuminningum þeirra, sem nú eru komnir á efri ár“, ritar Styrmir og bætir við: „Ég skildi betur vinnu, sem ég tók þátt í fyrir hálfri öld í Valhöll í Suðurgötu við að skipuleggja varalið, sem gæti verið tiltækt, ef á þyrfti að halda.“¹³

gagnrýni á bók Hannesar, sjá Árni Björnsson, „Kolröng mynd“, *Tímarit Máls og menningar* 73:2 (2012), bls. 118-125. Gagnrýni á allar bækurnar er að finna í tímaritinu *Herðubreið*, sjá Pétur Tyrfingsson, „Þrjúþúsund-og-tvöhundruð-grömm af leiðinlegri Heimdallarsagnfræði. Strákalingar á 2. þingi Komintern 1920“, *Herðubreið* 3:1 (2012), bls. 26-43; Runólfur Ágústsson, „Síðasti hvítliðinn“, *Herðubreið* 3:1 (2012), bls. 75-76; Um svör Hannesar við áður nefndri gagnrýni, sjá Hannes Hólmsteinn Gissurarson, „Kolröng gagnrýni“, *Tímarit Máls og menningar* 73:3 (2012), bls. 128-134; Hannes Hólmsteinn Gissurarson, „Til varnar íslenskum jafnaðarmönnum“, *Tímaritið Herðubreið* 3:2 (2012), bls. 71-80.

⁸ Styrmir Gunnarsson, „Verk sem markar þáttaskil“, bls. 86.

⁹ Sama heimild, bls. 85.

¹⁰ Styrmir Gunnarsson, „Þeir voru erindrekar erlends valds“, bls. 34.

¹¹ Sama heimild, bls. 34-35.

¹² Styrmir Gunnarsson, „Verk sem markar þáttaskil“, bls. 84.

¹³ Sama heimild, bls. 85-86.

Orð Styrmis eru áhugaverð, enda sýna þau að viðhorf hans og umfjöllun um áðurnefndar bækur eru mörkuð af upplifun hans og minningum frá stjórn málaátökum kaldastríðsáranna en í þeim var hann virkur þátttakandi eins og tilvitnuð ummæli sýna. Fyrir vikið hafa bækurnar fyrst og fremst pólitíska merkingu í huga hans, enda hamrar Styrmir á því í ritdómum sínum að íslenskir kommúnistar hafi fyrst og síðast gengið erinda erlends valds í íslensku samfélagi. Um bók Hannesar segir Styrmir til dæmis orðrétt:

En fyrst og fremst er þó verk Hannesar Hólmsteins enn ein sönnun þess, að kommúnistahreyfingin á Íslandi 20. aldarinnar var erindreki erlends valds á Íslandi. Þeir skipulögðu starfsemi sína í samræmi við fyrirmæli frá Moskvu. Þeir mörkuðu stefnu sína í íslenskum þjóðmálum í samræmi við fyrirskipanir frá Moskvu. Þeir höguðu seglum eftir vindi í pólitískri dægurbaráttu í samræmi við skipanir frá Moskvu. Þeir breyttu um stefnu eftir fyrirmælum frá Moskvu. Þeir snerust í hringi eftir fyrirmælum frá Moskvu. Og – starfsemi þeirra var fjármögnuð frá Moskvu og reyndar frá fleiri ríkjum sósíalísmans eftir því sem leið á öldina. Það er óskemmtilegt að segja þetta en það verður ekki komist hjá því að horfast í augu við að bein afskipti Moskvu af starfsemi þeirra hér var margfalt meiri en hörðustu andstæðingar þeirra létu sér til hugar koma á þeim tíma. Hér var virk stjórn málahreyfing, skipulögð í Moskvu, stjórnað frá Moskvu og fjármögnuð frá Moskvu, sem hafði það að markmiði að kollsteypa stjórnkerfi þess fullvalda ríkis, sem hér var að verða til.¹⁴

Það þarf ekki víðtæka þekkingu á íslenskri samtímasögu til að sjá að hin tilvitnuðu orð eru nátengd orðræðu kaldastríðsáranna hér á landi þegar ásakanir um þjónkun við erlent vald og landráð gengu í sífellu á milli andstæðra fylkinga. Og viðhorf Styrmis er að nú sé kominn tími til að íslenskir sagnfræðingar endurskrifi stjórn málasögu 20. aldar í ljósi þeirrar staðreyndar að alþjóðahreyfing kommúnismans og Sovétríkin biðu ósigur í kalda stríðinu. Hann biður menn að velta fyrir sér „hlutskipti þeirra, sem tapa“ og bætir við: „Þeir sem tapa hafa alltaf rangt fyrir sér.“¹⁵ Vissulega megi bera virðingu fyrir þeim sem berjast fyrir pólitískri sannfæringu sinni „þótt þeir séu ósammála manni en það er engin leið að hafa annað en megnustu fyrirlitningu á þeim, sem taka við erlendu fé og nota það til þess að berjast undir fölsku flaggi í stjórn málabaráttunni hér heima.“¹⁶ Og Styrmir vill að þjóðin dragi lærdóma af fortíðinni, enda megi af sögu þessari

¹⁴ Styrmir Gunnarsson, „Þeir voru erindrekar erlends valds“, bls. 34.

¹⁵ Sama heimild, bls. 35.

¹⁶ Styrmir Gunnarsson, „Þeir hafa verið afhjúpaðir“, bls. 35.

„margt læra um framtíðina og samskipti okkar við önnur ríki og ríkjabandalög“, og á þá við mögulega inngöngu Íslands í Evrópusambandið ef rétt er skilið.¹⁷

Skoðanir Styrmis eru áhugaverðar bæði í innlendu og erlendu samhengi því að þær enduróma pólitísk sjónarmið sem í sagnaritun kalda stríðsins eru jafnan nefnd „triumphalism“ og hafa einkum átt sér harða talsmenn meðal bandarískra stjórnámálanna og ráðgjafa sem tengdust Reagan-stjórninni á sínum tíma. Hin síðari ár hefur þessi „saga sigurvegaranna“ ef svo má að orði komast hins vegar sætt harðri gagnrýni meðal fræðimanna, meðal annars á þeirri forsendu að talsmenn hennar nálgist sögu kalda stríðsins alfarið á grundvelli „sigurvegarans“ og því séu athafnir þeirra og sjónarmið yfir gagnrýni hafin.¹⁸

Kommúnistar og nasistar

Áðurnefnd viðhorf eru þó ekki það sem mesta athygli vekur í skrifum Styrmis, heldur ummæli hans um félagi í Þjóðernishreyfingu Íslendinga, það er íslenska nasista, og samanburður sem Styrmir gerir óhikað á hreyfingum íslenskra kommúnista annars vegar og nasista hins vegar. Þannig verður ekki betur séð en að þær lýsingar sem fram koma í bók Þórs á bæði stefnu og starfi íslenskra kommúnista hafi sannfært Styrmi um að kominn sé tími til að íslenskir sagnfræðingar taki hlutskipti nasista í stjórnálgögu þjóðarinnar til endurskoðunar á þeirri forsendu að þeir hafi verið eindregnir andkommúnistar. Eða eins og segir í ritdómi Styrmis um bók Þórs:

En jafnframt þótti mér forvitnilegt að sjá, að hópur ungra manna, sem kölluðu sig þjóðernissinna, virðist hafa skapað meira mótvægi í þessum átökum á götum Reykjavíkur en hingað til hefur verið viðurkennt. ... Hingað til hafa þessir ungu menn ekki skipað merkilegan sess í stjórnálgögu 20. aldarinnar! En af bók Þórs Whiteheads má ráða að það mótvægi, sem þeir sköpuðu um skeið gegn götuofbeldi kommúnista hafi skipt máli. Kannski er kominn tími til að skoða betur sögu þessarar stjórnálgöghreyfingar?¹⁹

Styrmir virðist í reynd þeirrar skoðunar að íslenskir sagnfræðingar hafi orðið uppvísir að hlutdrægni í umfjöllun sinni um kommúnistahreyfinguna á Íslandi annars vegar og hreyfingu íslenskra nasista hins vegar. Þeir leggi ólíka siðferðilega mælikvarða til grundvallar í umfjöllun

¹⁷ Styrmir Gunnarsson, „Þeir voru erindrekar erlends valds“, bls. 35.

¹⁸ Beth A. Fischer, „US Foreign Policy under Reagan and Bush“, *The Cambridge History of the Cold War. Volume III. Endings*. Edited by Melvyn P. Leffler and Odd Arne Westad (Cambridge: Cambridge University Press 2010), bls. 267-288; Vladislav M. Zubok, „Why did the Cold War end in 1989? Explanations of ‘The Turn’“, *Reviewing the Cold War. Approaches, Interpretations, Theory*. Edited by Odd Arne Westad (London: Frank Cass 2000), bls. 344-345.

¹⁹ Styrmir Gunnarsson, „Verk sem markar þáttaskil“, bls. 85-86.

sinni um starfsemi áðurnefndra stjórnmalahreyfinga sem birtist í því að á sama tíma og starfsemi íslenskra nasista sé fordæmd og hafi lengi verið feimnismál í íslensku samfélagi sé íslenskum kommúnistum og foringjum þeirra hampað fyrir þátttöku sína í réttinda- og kjarabaráttu verkafólks á öldinni sem leið. Íslenskir sagnfræðingar eigi að leggja samskonar mat á starfsemi kommúnista og nasista hér á landi, enda hafi báðar þessar stjórnmalahreyfingar verið grundvalladar á ofbeldi og alræðishyggju. Styrmir hnykkir á þessu atriði í ritdómi sínum um bók Snorra en þar er greint ítarlega frá styrkjum sem forustumenn íslenskra kommúnista þáðu úr hendi Kremlverja. Orðrétt segir Styrmir:

Hvað hefði verið sagt hér á Íslandi ef félagar í Þjóðernissinnaflokki Íslands, öðru nafni nasistar, sem hér störfuðu á fjórða áratug 20. aldarinnar, hefðu farið í reglulegar heimsóknir til þriðja ríkis Adolfs Hitlers og sótt þangað peninga til þess að fjármagna stjórnmalabaráttu þeirra hér? Ef þeir hefðu gengið á fund Jóseps Göbbels og fengið hjá honum fjárstyrk til að setja upp prentsmiðju á Íslandi til að prenta vikublaðið Ísland, sem þeir gáfu út eða tímaritið Mjölni, svo dæmi séu nefnd. Hvað hefði verið sagt, ef þeir hefðu sótt fundi og ráðstefnur fasista, nasista og falangista víðs vegar um Evrópu og komið til baka sigri hrósandi og lýst þeim fyrirmyndarríkjum, sem þeir Hitler, Mússólíni og Franco voru að byggja upp? Þetta var það sem forustumenn kommúnista á Íslandi gerðu um og upp úr 1920. Það er búið að skjalfesta þetta, staðfesta og sanna en það er eins og það skipti engu máli, ef marka má þjóðfélagsumræður hér, að á Íslandi voru útsendarar erlends valds á ferð – og það er búið að afhjúpa þá.²⁰

Sú skoðun Styrmis að taka eigi hlutskipti íslenskra nasista í stjórnmalasögu 20. aldar til endurskoðunar á þeirri forsendu að þeir hafi verið andkommúnistar vekur óneitanlega eftirtekt, enda hefur enginn annar áhrifamaður í íslenskri þjóðmálaumræðu haldið slíkri skoðun á lofti opinberlega hin síðari ár. Og þó hún vekur litla eða jafnvel enga athygli hér á landi er víst að erlendis myndu margir reka upp stór augu ef ritstjórar stórblaða í Noregi eða Þýskalandi héldu slíkum skoðunum fram opinberlega, svo að dæmi sé tekið. En þó að skoðanir sem þessar vekur undrun eða jafnvel furðu meðal flestra þeirra fræðimanna sem helga sig rannsóknum á sviði íslenskrar stjórnmalasögu má taka undir með Styrmi varðandi það að tímabært sé orðið að sagnfræðingar taki sögu íslenskrar nasistahreyfingar til frekari umfjöllunar, enda hafa íslenskir fræðimenn lítið fjallað um þennan áhugaverða hluta íslenskrar stjórnmalasögu hin síðari ár. Og

²⁰ Styrmir Gunnarsson, „Þeir hafa verið afhjúpaðir“, bls. 35.

hér dugar ekki að bera því við að umfjöllunarefnin vanti því af nógu er að taka bæði heima og erlendis.²¹

Alræðishyggjan

Styrmir er hins vegar alls ekki einn um að nálgast sögu kommúnistahreyfingar á Íslandi á forsendum alræðishyggjunnar svonefndu, það er að kommúnismi og nasismi séu sambærilegar stjórnmalastefnur, því slík nálgun er einmitt miðlæg í hinum nýju bókum Hannesar og Þórs og var raunar lengi mikilvægur hlekkur í sagnaritun kalda stríðsins í vestrænu fræðasamfélagi.²² Alræðishyggja hefur verið skilgreind sem pólitískt kerfi þar sem ríkisvaldið viðurkennir engin takmörk á valdi sínu og keppist við að stjórna öllum hliðum mannglegrar tilveru þegar það er mögulegt.²³ Fræðimenn telja að hugtakið hafi fyrst verið notað í pólitískri merkingu skömmu eftir lok fyrri heimsstyrjaldar en ítalski blaða- og stjórnmalamaðurinn Giovanni Amendola notaði það fyrstur manna í dagblaðinu *Il Mondo* hinn 12. maí árið 1923 til að lýsa fasistahreyfingu Benitós Mússólinis.²⁴ Frá Ítalíu barst hugtakið til Þýskalands, þar sem þýski stjórnmaláheimspekingurinn Carl Schmitt notaði það á 3. áratugnum þó að nasistar hafi aldrei notað það, enda töldu þeir stjórnarfarið í Þýskalandi nasismans og á Ítalíu fasismans alls ekki sambærilegt. Frá Ítalíu og Þýskalandi barst hugtakið síðan til Vestur-Evrópu og Bandaríkjanna, mest með ítölskum, þýskum og síðar sovéskum flóttamönnum og náði takmarkaðri fötfestu í vestrænu fræðasamfélagi þó að vinstrisinnadir fræðimenn hafi lengi verið alfarið á móti öllum samanburði á Sovétríkjunum annars vegar og Þriðja ríkinu og fasistastjórn Mússólinis hins vegar.²⁵

Eftir að heimsstyrjöldin síðari braust út og Sovétríkin gengu til liðs við Breta og Bandaríkjamenn árið 1941 hvarf alræðishugtakið tímabundið úr vestrænni þjóðfélags- og fræðaumræðu. Þeir Roosevelt, Churchill og Stalín voru nú orðnir bandamenn og þann síðastnefnda mátti ekki styggja af augljósum ástæðum. Þetta breyttist hins vegar snarlega eftir ósigur öxulveldanna árið 1945 og upphaf kalda stríðsins. Sú skoðun að lýðræðisríki Vesturlanda

²¹ Ásgeir Guðmundsson, „Nasismi á Íslandi. Saga Þjóðernishreyfingar Íslendinga og Flokks Þjóðernissinna“, *Saga XIV* (1976), bls. 5-68; Hrafn Jökullsson og Illugi Jökullsson, *Íslenskir nasistar* (Reykjavík: Tákni 1988); Ásgeir Guðmundsson, *Berlínar-blús. Íslenskir meðreiðarsveinar og fórnarlömb þýskera nasista* (Reykjavík: Skrudda 2009).

²² Til að fá yfirlit um sagnaritun vestrænna fræðimanna um Sovétríkin, sjá Ronald Grigor Suny, „Reading Russia and the Soviet Union in the Twentieth Century. How the ‘West’ Wrote its History of the USSR“, *The Cambridge History of Russia. Volume III. The Twentieth Century*. Edited by Ronald Grigor Suny (New York: Cambridge University Press 2006), bls. 5-64. Áðurnefnd nálgun er áberandi í ritum Þórs, til dæmis í ritröð hans um heimsstyrjaldarárin á Íslandi, sjá Þór Whitehead, *Ísland í síðari heimsstyrjöld. Ófriður í aðsigi* (Reykjavík: Almenna bókafélagið 1980) bls. 72, 192-195; Þór Whitehead, *Ísland í síðari heimsstyrjöld. Stríð fyrir ströndum* (Reykjavík: Almenna bókafélagið 1985), bls. 150-151; Þór Whitehead, *Ísland í síðari heimsstyrjöld. Milli vonar og ótta* (Reykjavík: Vaka-Helgafell 1995), bls. 59-70, 192-198; Þór Whitehead, *Ísland í síðari heimsstyrjöld. Bretarnir koma* (Reykjavík: Vaka-Helgafell 1999), bls. 79, 123-124, 222, 240-247.

²³ Robert Conquest, *Reflections on a Ravaged Century* (New York: John Murray 2000), bls. 74.

²⁴ Abbott Gleason, *Totalitarianism. The Inner History of the Cold War* (Oxford: Oxford University Press 1995), bls. 14.

²⁵ Abbott Gleason, „Totalitarianism“, *A Dictionary of 20th-Century Communism*. Edited by Silvio Pons and Robert Service (Princeton: Princeton University Press 2010), bls. 805.

ættu í höggi við alræðisstjórnir kommúnista í Sovétríkjunum og Austur-Evrópu breiddist út um heimsbyggðina og var fyrr en varði orðin hin hefðbundna orðræða kalda stríðsins. Fræðasamfélagið fór heldur ekki varhluta af þessari þróun og á árunum 1950-1956 lögðu landflóttá evrópskir fræðimenn á borð við Hannah Arendt, Carl J. Friedrich og Zbigniew Brzezinski sem öll störfuðu í háskólum vestanhafs sitt af mörkum til alræðishugtaksins þó með ólíkum hætti væri.²⁶

Blómaskeið alræðishyggjunnar í fræðilegri umræðu stóð fram eftir 6. áratugnum og hafði mismikil áhrif. Í Vestur-Þýskalandi hafði hugtakið umtalsverð áhrif bæði í fræðasamfélaginu og samfélagsumræðunni, en þar notuðu hægri menn sem margir báru í brjósti sektarkennd vegna daðurs eða jafnvel samvinnu við nasista alræðishugtakið jöfnum höndum um kommúnisma og nasisma og héldu því jafnvel fram að nasismi væri í raun frávík frá vinstri stefnu en ekki hægri. Svipuð saga var uppi á teningnum í Bandaríkjunum en þar notuðu hægri menn alræðishugtakið óspart í gagnrýni sinni á vinstrimenn sem aftur gerði allar þjóðfélagsumbætur í anda sósialisma illmögulegar, enda erfitt að standa að breytingum á samfélaginu sem í sífellu voru tengdar við kommúnisma og þar með alræðishyggju. Sú kenning austurríska hagfræðingsins Friedrichs A. Hayeks að efnahags- og félagsleg miðstýring væri í raun angi alræðishyggju var til dæmis óspart notuð til þess að ráðast á „gamla vinstrið“ í bandarískum stjórnámálum og hleypti um leið nýju lífi í kenningar nýfrjálshyggjunnar sem síðan náðu nýjum hæðum í verkum hagfræðinga á borð við Milton Friedman.²⁷

Það var fyrst um miðjan 7. áratuginn sem bera tók á alvarlegri gagnrýni á alræðishugtakið. Gagnrýnin var frá upphafi nátengd afstöðu manna til Víetnamstríðsins og í raun angi sögulegrar endurskoðunar sem í sagnaritun kalda stríðsins er kennd við endurskoðunarhyggju (revisionism). Talsmenn hennar höfnuðu hinni einföldu heimsmynd rétttúnaðarhyggjunnar (traditionalism) og töldu að upphaf kalda stríðsins væri ekki að finna í útpenslustefnu Sovétríkjanna undir forustu Stalíns heldur í utanríkisstefnu Bandaríkjanna sem byggðist á pólitískri og efnahagslegri útpenslustefnu.²⁸ Áhrifamesta gagnrýnin á alræðishyggjuna kom hins vegar ekki frá Bandaríkjunum heldur Vestur-Þýskalandi og þá sérstaklega frá sagnfræðingnum Hans Mommsen sem var og er einn fremsti fræðimaður samtímans í sögu Þriðja ríkisins og helfararinnar. Mommsen benti á það lykilatriði að alræðishyggjan dugar ekki til að greina og skilja þróunarferil

²⁶ Hannah Arendt, *The Origins of Totalitarianism* (1951, New York: Harcourt 1973); Carl J. Friedrich and Zbigniew Brzezinski, *Totalitarian Dictatorship and Autocracy* (1956, New York: Preager 1966).

²⁷ Abbott Gleason, *Totalitarianism*, bls. 10-11; Friedrich A. Hayek, *Leiðin til ánauðar*. Hannes H. Gissurarson íslenskaði (Reykjavík: Almenna bókafélagið 1980), bls. 80-90 og áfram.

²⁸ Geir Lundestad, „How (Not) to Study the Origins of the Cold War“, *Reviewing the Cold War*, bls. 64-66. Hinn sígildi texti endurskoðunarinnar er William Appleman Williams, *The Tragedy and American Diplomacy* (New York: Norton 1959). Ítarlega umfjöllun um þau áhrif sem kalda stríðið hafði í bandarísku fræðasamfélagi er að finna í David C. Engerman, *Know Your Enemy. The Rise and Fall of America's Soviet Experts* (Oxford: Oxford University Press 2009).

nasismans í Þýskalandi eða kommúnismans í Sovétríkjunum og af hverju hreyfingarnar þróuðust með ólíkum hætti í öðrum löndum Evrópu.²⁹ Hugtakið geri í raun lítið annað en að skrapa yfirborð sögunnar, ef svo má að orði komast, með því að benda á hið augljósa sem er að í Sovétríkjunum og Þriðja ríkinu hafi verið við lýði ógnarstjórn sem kúgaði þegna sína með kerfisbundnum hætti. Hlutverk sagnfræðinga sé hins vegar að kafa dýpra í söguna og greina raunverulegar orsakir þess að svo fór sem fór.³⁰

Hin síðari ár hafa margir vestrænir sagnfræðingar tekið undir áður nefnd sjónarmið Mommsens og í vaxandi mæli hafnað því að nota alræðishugtakið sem greiningartæki á söguleg viðfangsefni. Þannig hefur Ian Kershaw, höfundur rómaðrar ævisögu um Hitler, til dæmis bent á að þótt ýmislegt hafi verið sameiginlegt með stjórnarfarinu í Þriðja ríkinu annars vegar og Sovétríkjunum hins vegar og ráðamenn landanna notað svipuð tæki til að ná fram markmiðum sínum hafi stjórnkerfi ríkjanna byggst á gjörólíkum forsendum er endurspeglar ekki hvað síst í kynþáttahyggju nasismans sem sé einstök í samtímasögunni. Alræðishugtakið sé þannig fyrst og fremst lýsandi hugtak en ekki kenning og hafi því takmarkað fræðilegt skýringargildi.³¹

Þróun kommúnista- og sósíalistahreyfingar á Íslandi

En hvernig tengist þetta sögu íslenskrar kommúnistahreyfingar, kynni einhver að spyrja. Því er til að svara að áður nefnd gagnrýni sýnir vel hve lítið skýringargildi pólitísk sagnaritun af því tagi sem birtist í bókum þeirra Þórs, Hannesar og Snorra hefur fyrir sögu íslenskrar kommúnista- og sósíalistahreyfingar, af þeirri einföldu ástæðu að hún útskýrir ekki hvernig hreyfingin þróaðist, það er af hverju íslenskum kommúnistum og sósíalistum tókst að gera flokk sinn að fjöldahreyfingu, ólíkt því sem gerðist í nágrannalöndunum.³² Þegar hreyfing íslenskra kommúnista og sósíalista er borin saman við sambærilegar hreyfingar á meginlandi Evrópu kemur í ljós að við lok síðari heimsstyrjaldar var hún þegar orðin ein stærsta hreyfing sinnar tegundar í Vestur-Evrópu, enda greiddi allt að fimmtungur atkvæðisbærra Íslendinga henni atkvæði sitt í alþingiskosningum á tímum kalda stríðsins.³³ Eitt helsta verkefni fræðimanna sem fást við sögu íslenskrar vinstrihreyfingar á 20. öld hlýtur að vera að útskýra af hverju þetta stafaði. Og þá dugur skammt

²⁹ Abbott Gleason, „Totalitarianism“, bls. 806-807.

³⁰ Nýlegt innlegg Mommsens í þessa umræðu er að finna í Yoram Gorlizki og Hans Mommsen, „The Political (Dis)orders of Stalinism and National Socialism“, *Beyond Totalitarianism. Stalinism and Nazism Compared*. Edited by Michael Geyer and Sheila Fitzpatrick (Cambridge: Cambridge University Press 2009), bls. 41-86.

³¹ Ian Kershaw, „Working Towards the ‘Führer’. Reflections on the Nature of Hitler’s Dictatorship“, *Stalinism and Nazism. Dictatorships in Comparison*. Edited by Ian Kershaw and Moshe Lewin (Cambridge: Cambridge University Press 1997), bls. 88-89.

³² Eric D. Weitz hefur sett fram svipaða gagnrýni á sagnaritun um kommúnistahreyfinguna í Þýskalandi, sjá Eric D. Weitz, *Creating German Communism, 1890-1990. From Popular Protests to Socialist State* (Princeton: Princeton University Press 1997), bls. 11-15.

³³ Skafti Ingimarsson, „Fimmta herdeildin“, bls. 190.

að hamra í sífellu á tengslunum við Moskvu, að íslenskir kommúnistar hafi verið erindrekar erlends valds í íslensku samfélagi og þegið fé úr hendi ráðamanna í Moskvu, því að það gerðu systurflokkarnir í nágrennalöndunum einnig.³⁴ Þessi útgáfa sögunnar hefur líka verið sögð oft áður og því er lítið nýtt á henni að græða. Og er þá á engan hátt dregið úr mikilvægi þeirra heimilda sem fundist hafa í skjalasöfnum bæði í Moskvu og Berlín, því þær eru sannarlega merkilegar og veita fágæta innsýn í skipulag og starfshætti íslenskrar kommúnista- og sósíalistahreyfingar á 20. öld.³⁵ En þær segja hins vegar alls ekki alla söguna.

Í þessu sambandi er líka vert að hafa í huga muninn á þróun kommúnistahreyfingar á Íslandi annars vegar og hreyfingar íslenskra nasista hins vegar. Kommúnistahreyfingin var frá upphafi nátengd baráttu verkalýðshreyfingarinnar fyrir auknum réttindum og bættum kjörum til handa íslenskri alþýðu þrátt fyrir tengslin við Moskvu, enda hafði Kommúnistaflokkur Íslands meiri ítök innan verkalýðshreyfingarinnar en systurflokkarnir annars staðar á Norðurlöndum. Lykilatriði í þessu sambandi er sú staðreynd að Einar Olgeirsson, einn helsti foringi íslenskra kommúnista, hafði forustu um uppbyggingu verkalýðshreyfingarinnar á Norðurlandi, enda réðu íslenskir kommúnistar lögum og lofum innan Verkalýðssambands Norðurlands á 3. og 4. áratugnum.³⁶ Svipuð staða var líka uppi í Vestmannaeyjum en þar gekk oft mikið á í verkalýðsbaráttunni.³⁷ Fyrir vikið var staða Kommúnistaflokksins í íslenskum stjórnámálum óvenjusterk miðað við nágrennalöndin og flokkurinn umtalsvert áhrifameiri í íslensku samfélagi en fjöldi flokksfélaga sagði til um.

Þegar kemur að því að skoða íslensku nasistahreyfinguna er myndin sem við blasir allt önnur. Þjóðernishreyfing Íslendinga var stofnuð árið 1933, eða aðeins nokkrum mánuðum eftir að Hitler komst til valda í Þýskalandi. Meðal helstu stefnumála flokksins var hörð barátta gegn „kynblöndun og úrkynjun“ íslensku þjóðarinnar og útbreiðslu kommúnisma hér á landi sem nasistar töldu að stafaði af vitfirringu, enda kölluðu þeir hreyfingu íslenskra kommúnista „rauða dauða“ og líktu henni jafnvel við alræmdar drepsóttir á borð við svartadauða og stórubólu.³⁸ Er skemmst frá því að segja að hreyfingin náði aldrei eyrum almennings og dó drottinni sínum árið 1938, þegar flestir frumkvöðla hennar voru horfnir aftur inn í Sjálfstæðisflokkinn.³⁹ Það er því

³⁴ *Guldet fra Moskva. Finansieringen af de nordiske kommunistpartier 1917-1990.* Redigeret af Mortin Thing (København: Forum 2001).

³⁵ Jón Ólafsson, *Kærni félagar. Íslenskir sósíalistar og Sovétríkin 1920-1960* (Reykjavík: Mál og menning 1999).

³⁶ Stefán Hjartarson, *Kampen om fackföreningsrörelsen. Ideologi och politisk aktivitet på Island 1920-1938* (Uppsala: Uppsala universitet 1989), bls. 253-254; Einar Olgeirsson, *Kraftaverk einnar kynslóðar*, bls. 61-175; Sólveig Kr. Einarsdóttir, *Hugjónaeldur. Minningar um Einar Olgeirsson* (Reykjavík: Mál og menning 2005), bls. 157-303.

³⁷ Jón Rafnsson, *Vor í verum. Af vettvangi stéttabaráttunnar á Íslandi* (Reykjavík: Heimskringla 1957).

³⁸ Gísli Sigurbjörnsson, *Sannleikurinn um kommúnismann* (Reykjavík: Prentsmiðja Jóns Helgasonar 1933), bls. 4-5, 12-16; Eiidur S. Kvaran, *Kynspilling og varnir gegn henni* (Reykjavík: [s.n.], 1933). Stefnuskrár Þjóðernishreyfingar Íslendinga og Flokks þjóðernissinna er að finna í grein Ásgeirs Guðmundssonar, „Nasismi á Íslandi“, bls. 10-12, 37-39.

³⁹ Ásgeir Guðmundsson, „Nasismi á Íslandi“, bls. 58-61.

vandséð hvernig hægt er að leggja kommúnistahreyfinguna á Íslandi að jöfnu við hreyfingu íslenskra nasista. Báðar hreyfingarnar komu fram sem stjórnmalaflokkar þegar heimskreppan var nýhafin. Þróun þeirra á kreppuárunum var hins vegar gjörólík. Á sama tíma og Kommúnistaflokkurinn þróast frá því að vera byltingarsinnaður smáflokkur árið 1930 yfir í róttæka fjöldahreyfingu kommúnista og vinstrianna sósíalista árið 1938, sem tók fyrst sæti í ríkisstjórn árið 1944, þróast Þjóðernishreyfing Íslendinga í öfuga átt, það er yfir í smáflokk hreinræktaðra nasista sem best er þekktur undir heitinu Flokkur Þjóðernissinna og hvarf að lokum af sviði íslenskra stjórnála fyrir upphaf síðari heimsstyrjaldar. Fátt sýnir betur hversu fánýtt það er að beita slíkum samanburði í íslensku samhengi, enda gerði íslenskur almenningur skýran greinarmun á þessum tveimur stjórnmalahreyfingum. Og er þá á engan hátt verið að halda því fram að stefna og starfsemi íslenskra kommúnista, sósíalista og forustumanna þeirra á 20. öld sé yfir gagnrýni hafin.

Hvað ber að gera?

En hvað er þá til ráða? Hvernig er hægt að útskýra þá staðreynd að kommúnista- og sósíalistahreyfingin á Íslandi varð ein hin öflugasta sinnar tegundar í Vestur-Evrópu í kalda stríðinu? Í fyrsta lagi er mikilvægt að færa sjónarhornið aftur að íslensku heimildunum, bæði gögnum forustumanna flokkanna og flokksdeildanna sjálfra og skoða þær í ríkara mæli en gert hefur verið í samhengi við erlendu heimildirnar. Þannig ætti að fást víðara sjónarhorn á sögu hreyfingarinnar og meira jafnvægi í umræðuna. Ágætt dæmi um það hve góðum árangri slík nálgun getur skilað er doktorsritgerð Ragnheiðar Kristjánsdóttur en þar dregur hún skýrt fram mikilvægi þjóðernishyggju í þróun kommúnista- og sósíalistahreyfingar á Íslandi, fyrst og fremst á grundvelli innlendra heimilda.⁴⁰

Í öðru lagi þarf að skapa ný sjónarhorn á áður nefnda sögu. Þetta má gera með því að nýta betur en gert hefur verið þau tæki sem félagssagan færir okkur og beina athyglinni um leið í meira mæli að flokksmanninum sjálfum og því fjölbreytta starfi sem fram fór innan hreyfingarinnar, en það byggðist á samhjálpi sem var einstök í íslenskum stjórnmalum. Í þessu sambandi má benda á félagatal Kommúnistaflokks Íslands sem Kjartan Ólafsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Sósíalistaflokksins, tók saman en þar er að finna gagnlegar upplýsingar um félagana sem opna nýja sýn á sögu hreyfingarinnar, bæði á einstakar flokksdeildir og Kommúnistaflokkinn í heild sinni.⁴¹

⁴⁰ Ragnheiður Kristjánsdóttir, *Nýtt fólk. Þjóðerni og íslensk verkahýðsstjórnmal 1901-1944* (Reykjavík: Háskólaútgáfan 2008).

⁴¹ *Landsbókasafn Íslands*. 16 NF. Kommúnistaflokkur Íslands. Félagatal 1930-1938. Kjartan Ólafsson tók saman. Greinarhöfundur vinnur að rannsókn á félagatölum Kommúnistaflokks Íslands og Sameiningarflokks Íslands –

Í þriðja lagi er nauðsynlegt að fræðimenn átti sig á því að íslenska kommúnista- og sósíalístahreyfingin var alls ekki ósveigjanleg stjórnmalahreyfing eins og oft er haldið fram. Staðreyndin er sú að innan bæði Kommúnistaflokksins og Sósíalístaflokksins þrífust ólíkar skoðanir og innan flokkanna var tekist á um völd og áhrif líkt og í öðrum íslenskum stjórnmalaflokkum, enda liggur slík valdabaráttá í eðli stjórnmalanna. Ágætt dæmi um þetta er ólík afstaða forustumanna flokkanna, þeirra Einars Olgeirssonar og Brynjólfs Bjarnasonar, til lýðræðisins. Einar var þeirrar skoðunar að íslensk alþýða gæti komist til valda í samfélaginu eftir leiðum þingræðisins en það sama verður ekki sagt um Brynjólf. Með öðrum orðum: Þeir voru sammála um markmiðið sem var söguleg valdataka íslenskrar alþýðu, en þá greindi á um leiðina að markinu.⁴² Og sú staðreynd að skoðanir Einars urðu ofan á innan hreyfingarinnar sýnir að flokkarnir og foringjar þeirra létu ekki stjórnast af pólitískum kreddum einum saman. Ef svo hefði verið hefði hreyfingin aldrei náð því fjöldafylgi meðal íslensku þjóðarinnar sem raun ber vitni.

Í fjórða lagi þarf að beina kastljósinu aftur að sögu íslenskrar verkalýðshreyfingar og nýta í ríkara mæli rannsóknir er gerðar hafa verið á þeim vettvangi undanfarin ár. Kommúnistaflokkur Íslands og Sameiningarflokkur alþýðu – Sósíalístaflokkurinn voru fyrst og síðast verkalýðsflokkar, sem endurspeglast í þeirri staðreynd að um tveir þriðju hlutar félaga í Kommúnistaflokknum voru sjómenn og almennt verkafólk. Frekari rannsóknir á stefnu og starfi heildarsamtaka verkalýðsins og einstakra verkalýðsfélaga, stórra og smárra, geta skýrt enn betur þá mynd sem við höfum af sögu íslenskrar vinstrihreyfingar og vekja án efa nýjar spurningar. Dæmi um velheppnaðar rannsóknir í þessum anda eru bækur Þorleifs Friðrikssonar um sögu Dagsbrúnar og Sigurðar Péturssonar um sögu verkalýðshreyfingar á Vestfjörðum, en þær varpa nýju ljósi á upphaf og þróun verkalýðshreyfingar á Íslandi.⁴³

En mikilvægast er þó að láta af pólitískri sagnaritun í anda kalda stríðsins, eins og þeirri sem birtist í hinum nýju bókum þeirra Þórs Whitehead, Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar og Snorra G. Bergssonar og ritdómum Styrmis Gunnarssonar um þær. Þau ummæli Hannesar að „valdalausir kommúnistar í vestrænum lýðræðisríkjum, sem gættu hófs í umræðum, stilltu sig um ofbeldi og stunduðu ekki njósnir“, hafi gerst „sekir um vítavert gáleysi“ og séu „siðferðilega ámælisverðir“, fyrir það eitt að hafa tekið afstöðu með Sovétríkjunum í kalda stríðinu, sýna betur

Sósíalístaflokksins sem hann hefur tekið saman. Stefnt er að því að félagatal Sósíalístaflokksins verði einnig aðgengilegt öðrum fræðimönnum á handritadeild Landsbókasafnsins.

⁴² Skafti Ingimarsson, „Fimmta herdeildin“, bls. 156-163.

⁴³ Þorleifur Friðriksson, *Við brún nýs dags. Saga Verkamannafélagsins Dagsbrúnar 1906-1930* (Reykjavík: Háskólaútgáfan 2007); Þorleifur Friðriksson, *Dagar vinnu og vona. Saga Verkamannafélagsins Dagsbrúnar í kreppu og köldu stríði* (Reykjavík: Háskólaútgáfan 2012); Sigurður Pétursson, *Vindur í seglum. Saga verkalýðshreyfingar á Vestfjörðum 1890-1930* (Ísafjörður: Alþýðusamband Vestfjarða 2011). Sjá einnig Vilhelm Vilhelmsson, „Verkalýður og stjórnmal á Hvammstanga á fyrri hluta 20. aldar“, 4. íslenska söguping 7.-10. júní 2012 (Ráðstefnurit).

en nokkuð annað í hvílíkt óefni umræðan um íslenska vinstrihreyfingu er komin og hve aðkallandi það er orðið að íslenskir sagnfræðingar ryðji nýjar brautir í umfjöllun sinni um þessi efni, skapi ný sjónarhorn í fræðimennsku sinni og horfist um leið endanlega í augu við þá staðreynd að kalda stríðinu lauk fyrir tæpum aldarfjórðungi.⁴⁴

⁴⁴ Hannes Hólmsteinn Gissurarson, *Íslenskir kommúnistar*, bls. 527-528.